

... Í HLÉINU

(1938-1972)

Agnar Einarsson.

SÝNINGARMADURINN – Á LIÐINNI ÖLD **BROT MINNINGA – Í HLÉINU**

Ég kys að nefna svo lesningu þá sem hér fer.

Með yfirskriftinni á ég við, að stuðst er við frásagnir tveggja sýningarmanna sem höfðu kvikmyndasýningar að aðalstarfi um miðja síðustu öld; Stefáns H. Jónssonar í Austurbæjarbíói í fjóra áratugi frá 1946 og undirritaðs, Agnars Einarssonar í Stjörubíó frá 1952 og Tónabíó 1967 til 1972. Stefán er hafsjór minninga frá þessum tíma, minningum sem hann hefur deilt með mér. Einnig vil ég nefna til sögunnar, Sigurjón Jóhannsson þótt yngri sé hann að árum – en hann er sonur Jóhanns í Trípólibíó. (síðar Tónabíó). Sigurjón hefur verið hlekkjaður við sýningarvélur frá barnaldri. Þetta er ritað síðla árs 2006 og með hækkandi sól, 2007.

Ég nota Gagnasafnið til að staðfesta ártöl og daga, þegar snjóað hefur yfir minnið og Netið til að nálgast upplýsingar um bautasteina í þróun kvikmyndaiðnaðarins. En sýningarmennirnir tveir, sem í upphafi eru nefndir, voru í hringiðu tæknilegra breytinga í starfi sínu fyrir og eftir miðja síðustu öld, þegar helsta afþreying almúgamannsins frá daglegu amstri, var bíó og böll!!

Margar kynslóðir sýningarmanna hafa vaxið úr grasi á löngum tíma og sagan fölnar. Starfið er að breytast á ýmsan hátt og verður vart séð fyrir endann á þeirri braut. Því er ekki úr vegi að feta fornar slóðir um stund.

„HIN GÖMLU KYNNI GLEYMAST EL..“

Óhjákvæmilega eru þessar frásagnir á dálítið persónulegum nótum. Ég kynntist vel sýningarmönnum, sem jafnvel hófu feril sinn í Nýja bíó 1920 – voru framverðir í starfi og mótuðu félagið okkar. Ég nefni t.d. : Óla í Nýja bíó, Karl og Boga í Tjarnarbíó og Háskólabíó (Bogi byrjaði að sýna bíómyndir í Vestmannaeyjum um fermingu, árið 1924). Óla í Gamla bíó, Stefán í Austurbæjarbíó, Óskar í Hafnarbíó, Gunnar í Stjörubíó, Jóhann í Trípólibíó. (hann byrjaði líka að sýna um fermingu í bíóinu í Borgarnesi og fékk klapp frá bíógestum að lokinni sinni fyrstu sýningu).

EKKI ALVEG Í RÖÐ OG REGLU

Þessi birtingur er ekki alltaf raðsettur í tíma og rúmi, heldur skrifaður stundum af handahófi, þegar brotin brjótast fram í huganum. Ég vona þó að innihaldið komist þökkalega til skila.

UPPHAFIÐ Í HNOTSKURN

Á fimmta áratugnum fjölgaði kvikmyndahúsum í Reykjavík en Gamla bíó og Nýja bíó höfðu verið ein um hituna í árána rás. Gamla bíó var sem kunnugt er afsprengi „Fjalakattarins“ frá 1906, þegar byggt var glæsilegt kvikmyndahús við Ingólfsstræti árið 1927 Nýja bíó reisir kvikmyndahús

á baklóð við Austurstræti árið 1920 en var áður til húsa í Hótel Íslandi frá 1912.
Það stórhýsi brann 1944.

Tjarnarbíó tekur til starfa í september 1942 í aflögðu frystihúsi við tjörnina og markar tímamót í framrás kvikmyndahúsa í Reykjavík. Tekjur af sýningum runnu til Sáttmálasjóðs en sá sjóður var til styrktar HÍ. (Bíóið var nefnt Háskólabíó í upphafi af gefnu tilefni). Trípóli bíó austan megin við Suðurgötu, (þar sem nú eru húsin Aragata 6-8). Það var hermannabíó – en árið 1947 fær það íslenskt yfirbragð undir merkjum Tónlistarfélagins í Reykjavík. Austurbæjarbíó tekur til starfa í október 1947 og í lok áratugarins rís Stjörnubíó eftir mikið byggingarbasl og hófust sýningar þar í september 1949.

ALLT Á FULLU

Á hernámsárunum var bíóaðsókn feikimikil. Nóg var framboðið af bandarískum kvikmyndum. Íslensk alþýða fyllti kvikmyndahúsin og hermenn voru tíðir gestir, þó svo að þeir hefðu sín eigin bíó. (eru ekki íslensku stúlkurnar þær fallegustu?). Heyrzt hafði af hermönnum yrði ekki heimilaður aðgangur að Tjarnarbíó enda menningarstofnun! Enginn fótur reyndist fyrir þeirri sögu. Reykvikingar voru mjög hreyknir af þessu nýja, glæsilega kvikmyndahúsi og gerðu sér vonir um að þar yrðu ekki sýndar „ljélegar myndir“ samkvæmt Morgunblaðinu í ágúst, 1942. Sýningarmenn voru þeir Karl Guðmundsson og Bogi Ó. Sigurðsson. Þeir voru mínir meistara, þegar ég var við nám í Tjarnarbíó, 1950. Ég sá margar „lélegar myndir“ í Tjarnarbíó! En þær voru skemmtilega lélegar! Síðast og ekki sízt; vikulega voru sýndar breskar fréttamyndir frá umheiminum.

FRAM NÚ ALLIR Í RÖÐ!

Ég man eftir biðröð á þessum tíma, frá Gamla bíó, langleiðina niður að hinu fræga „núlli“ í Bankastræti (salerninu við Stjórnarráðið!) – og bíómiðar á „svörtu“. Útsjónarsamir gæjar sáu sér hag í því að mæta snemma fyrir opnun miðasöluunnar, fjölkaupa miða – ganga svo meðfram röðinni og bjóða á tvöföldu verði! Stundum var hægt að panta miða í síma, ef samband náðist en þeirra þurfti að vitja klukkustund fyrir sýningu, annars seldir öðrum! Þegar sýndar voru „stórmyndir“ var ekki svarað í síma og þá kom fyrir að hver einstaklingur fékk ekki fleiri en fjóra bíómiða. (kannski mótleikur gegn „svarta markaðinum“). Til að undirstrika aðsóknina þá voru seld stæði, þegar sætaframboð þraut. Þetta var algengt á barnasýningum á sunnudögum. Gamla bíó stóð bezt að vígi með langar hliðarsvalir vinstra megin. Þar var líka sælgætissala, svo við blessuð börnin þurftu ekki að ryðjast niður í anddyri til að kaupa nammi. Það var oft hörð barátta fyrir lítinn snáða að sjá á tjaldið því oftast en ekki voru foreldrar með börnum sínum og tróðu sér þá fremst að hliðarverkinu. Það kom jafnvel fyrir að ungviðið fyllti ganga salarins! Hvar var „Öryggiseftirlit Ríkisins“ á þessum tíma?

NEYÐARKALL

Heilbrigðiseftirlitið birtist stundum óvænt í bíóunum, til að kanna hvort sómasamlega hafi verið þrifið á milli sýninga. Á sunnudegi einum í Stjörnubíó var sneisafullt á þrjú-sýningu og salurinn

fullur af drasli. Enginn tími til að þrifa. Rétt fyrir fimm-sýningu, mætti Heilbrigðiseftirlitið á staðinn. Ég fékk taugaveiklað kall upp í klefann. „Aggi!!! Dragðu niður ljósin og byrjaðu að sýna. Þeir eru komnir frá Heilbrigðiseftirlitinu!“ Sloppið fyrir horn í skjóli myrkurs!! Á sjö-sýningum var aldrei hlé og þá vannst tími til að grynka á mesta draslinu, áður en velklædda fólkið kom á níu-sýninguna.

HÚS MEÐ SÁL

Ég fór oft í Gamla bíó en í Nýja bíó á mínum æskuárum, fyrir og eftir 1940. Ástæðan var fyrst og fremst sú, að allar Tarzan-myndirnar voru í Gamla bíó og síðast en ekki sízt; teiknimyndirnar frá Disney með Andrés önd, Plutó, músinni Mikey, Jóakim frænda og Goofy – sem tíðum voru sýndar sem aukamyndir. Í minningunni var léttara yfir myndunum í Gamla bíó. Aðkoman að miðasöluinni var reyndar mjög lítilfjörleg og þröng en þegar inn var komið, blasti við víðáttustór og björt forstofa. Breiður stigi hægra megin upp á svalirnar. Mikilfengleg sælgætisborð á þrem stöðum og fatahengi sem í leikhúsi. Speglar og stórar leikarmyndir. Salurinn breiður með löngum hliðarsvölum. Virðulegir lampar á veggjum. Það var alltaf eftirvænting að koma í Gamla bíó..hús með sál!

LANGA-GANGA

Nýja bíó. Gengið var inn í Nýja bíó frá Austurstræti. Langur gangur á milli lágreistra húsa (meðfram gamla „Rosenberg“ – kjallaranum) upp tröppur, beygt til vinstri og svo liðaðist biðröðin eftir gangstétt mikilli. Loks var komið að miðasöluinni inn í anddyrinu. Þessi aðkoma fannst mér alltaf vera innilokuð. Bíosalurinn var ekki ýkja breiður og svo voru svalir með „stúkusætum“. Sætin voru með dökku áklæði og lýsing í sal fremur drungaleg. Svona eru áhrifin í huga barns um Nýja bíó.

NÓA-FLÓÐ HÍÐ SEINNA

Gamla bíó með „Metro Goldwin Mayor“, „Walt Disney“, „RKO“ og oft breskar kvikmyndir. Nýja bíó með „20th Century Fox“ og „Universal International“ (síðar „Universal“). Sænskar og danskar myndir af og til. Einnig litu tjaldsins ljós í Nýja bíó, myndir frá „Warner Bros“, „United Artist“ og „Eagle Lion“ en svo virðist sem áhuginn hafi verið lítill á þessum umboðum enda hafðist vart undan að sýna allar „góðu myndirnar“. Tjarnarbíó hafði því úr nógu að móða, þegar starfsemi þess hófst enda tryggðu forráðamenn HÍ sér Hollywood-umboð frá „Paramount“, „Warner Bros“, „United Artist“, „Columbia“ og frá Englandi „Eagle Lion“ og „J.Arthur Rank“.

INN OG ÚT UM GLUGGANN

Gamla bíó tók upp þann hátt af og til á stríðsárunum að hafa framhaldssýningar. Þá var sama bíómyndin sýnd tvisvar frá kl. 15:30 til 18:30 á einn bíómiða. (þegar engar stórm myndir voru í gangi). Ég fór oft á þessar sýningar, sat alla myndina í fyrstu lotu og kom svo aftur á seinni sýninguna til að horfa á mest spennandi kaflana (Hafa verður í huga að bíómyndir voru á þessum

tíma sjaldan lengri en 90 mín. og oftast styttri). Tjarnarbíó bauð líka upp á svipaðar sýningar á laugardögum með fræðslu- og fréttamyndum en þessi tilraun lognaðist smá saman útaf og sama má segja um framhaldssýningarnar.

TARZAN Í TRJÁNUM...

Já – allir biðum við strákarnir í mikilli eftirvæntingu eftir Tarzan-myndunum með sundkappanum Johnny Weissmuller og hinu fræga Tarzan-góli. Hann sveiflaði sér milli trjáanna á löngum tágarköplum til að bjarga þorpsbúum í strákofum frá villidýrum og fílum. Ég last einhverntíman að þetta fræga öskur væri sett saman úr ljónsöskri, hýenuvæli, svissnesku jóðli og órangútan í ástarbríma!! Sel ég ekki dýrara en ég keypti!

Þegar Johnny hætti að leika Tarzan vegna aldurs, fékk hann nýtt hlutverk sem „Jungle Jim“ og birtist þá á tjaldinu í Stjörnubíó eftir 1950. Þá bar hann ekki lengur lendarskýlu heldur klæddist stuttum Khaki-buxum og skyrtu í stíl! –en hnífurinn var á sínum stað. Hann barðist við bófa sem oftast voru líkir austantjalds-glæponum og töluðu amerísku með „rússneskum“ hreim! Þá var kalda stríðið í algleymingi! Þeir komu til að ræna gulli, gersemum og dýrum málum frá hinum svörtu vinum „Tarzan í fötunum“ til aðgreiningar frá alvöru Tarzan í Gamla bíó. Ég sýndi margar af þessum myndum í Stjörnubíó. Þær voru alltaf vinsælar meðal ungu kynslóðarinnar.

STOLIST Í STÚKUSÆTI!

Barnasýningar á sunnudögum voru að festa sig í sessi á fjórða áratug með lækkuðu miðaverði. Sérstakt fyrirbrigði voru svonefnd „almenn“ sæti í Gamla- og Nýja bíó. Þetta voru þrír fremstu bekkirnir í salnum og reyndar ekki beztu sætin! Betri sætin voru dýrari en dýrust voru „balkon“ á svölunum. Það kom stundum fyrir að ég hafði ráð á að kaupa mér sæti í efri byggðinni. Ef enginn sat í „balkon“, þá læddist maður stundum og settist í stúkuna. Var kóngur um smá stund, eða þar til dyravörðurinn birtist með geislann frá vasaljósinu og mælti mynduglega: „Má ég sjá miðann þinn!“ Þá var ekki um annað að ræða en að röлта skömmustulegur í sitt rétta sæti.

SÆLIR ERU FÁTÆKIR Á KREPPUÁRUNUM

Það var löngum haft á orði að kvikmyndasýningar væru skemmtun fátæka fólksins. Þessi kenning sannast að nokkru leyti því bæði kvikmyndahúsin auglýstu oft „alþýðusýningar“ kl. 3 eða 5 og stundum kl. 7 en heldra fólkið mætti svo á 9 sýningu. Þetta var á árunum í kringum 1940. Ég fór yfirleitt á þessar barna- eða alþýðusýningar enda langt að fara heim með strætó út á Seltjarnarnes en ferðir þangað voru á 2ja tíma fresti og sú síðasta kl. 20:00.

Ein er sú mynd sem stendur mér ofarlega í huga um ellefu ára aldurinn. Það er Walt Disney-myndin „Fantasía“, sem var jólamyndin í Gamla bíó 1942. Frábær og fjölskrúðug teiknimynd í litum með tónlist eftir Stokowski. Reyndar var myndin einungis sýnd jólavíkuna en síðar endursýnd og endursýnd. Ég sá hana sjö sinnum! Það var næstum ófrávikjanleg regla hjá

kvikmyndahúsunum lengi vel, að skarta með sérstaka nýársmynd, hvað sem tautaði og raulaði!!
Jólamynd! Nýársmynd! Svona var þetta bara.

Með myndinni „Fantasia“ var einnig brotið blað í hljómburði. Tónninn var í „sterio“!!
Sýningarvélarnar og magnarakerfið í Gamla bíó buðu upp á þessa möguleika en það kostaði nokkra aukahátalara og víralagnir. Möguleikinn var ekki nýttur. Ef til vill hafa bíóeigendurnir litið svo á að aðsóknin yrði jafngóð án „sterio“, því hinn víði ómur var að nánast óþekkt fyrirbæri hér á landi á þessum tímum. Þessi merkilega magnarasamstæða er nú í vörzlu Kvikmyndasafns Íslands.

ALLT Á FLOTI

Til marks um það flóð kvikmynda sem barst til Tjarnarbíós 1950, þegar ég var við nám þar sem sýningarmaður, þá var það regla að hefja sýningar á nýrri mynd á laugardegi þó svo að húsfyllir væri flest kvöld vikunnar. Það varð að grynka á staflanum! Trípoli bíó, Austurbæjarbíó, Stjörnubíó. Forstöðumenn og eigendur þessara kvikmyndahúsa gerðu sér ljóst að grundvöllur rekstursins byggðist á kvikmyndum frá Hollywood, þó svo að myndir frá Evrópu nutu einnig mikillar aðsóknar. Aðalumboðin, sem Gamla bíó og Nýja bíó höfðu: „Ljónið“ „Disney“ „Refurinn“ og „Universal“, báru höfuð og herðar yfir önnur kvikmyndafélög á þessum tímum. Hjá þeim var stjörnufansinn glæsilegastur og myndirnar oft í öðrum gæðaflokki. Gamla bíó og Nýja bíó voru nánast ósnertanleg og stóðu fast á „einkarétti“ sínum á gullnámunum. Þau sleiktu rjómaísinn. Þá fóru nýju kvikmyndahúsin að þreifa fyrir sér með önnur umboð frá Hollywood. Var þá helst leitað til Tjarnarbíós, sem komst ekki yfir að sýna allar sínar myndir í bíósal er rúmaði um 300 manns í sæti.

HRÆRT Í KVIKMYNDAPOTTINUM

Sem fyrr segir, var það Tónlistarfélagið í Reykjavík sem starfrækti Trípoli bíó. Bíóið fékk að hluta „United Artist“ frá Tjarnarbíó, einnig áður ónefnt kvikmyndafélag, „Republic Pictures“. Þetta var eins konar flökkum-umboð og hálf í hvoru álitid „B“-mynda fyrirtæki. Sama má segja um „RKO“ í Gamla bíó. Samt komu margar ágætis myndir frá þessum tveim fyrirtækjum og nefni ég af handahófi myndir eins og „Citizen Kane“, „Top Hat“ og „King Kong“ (gömlu útgáfuna að sjálfsögðu), „Sands of Iwo Jima“, „The Quiet man“ og „Macbeth“ með Orson Welles. Ekki má gleyma verðlaunamyndinni „High Noon“, sem reyndar var frá „United Artist“ og missti Tjarnarbíó af góðum bita þar sem Trípolibíó hafði þá fengið umboðið að fullu.

Fyrsta myndin sem Trípoli bíó sýndi undir merkjum Tónlistarfélagsins 1947, var „Jerikó“, með blökkusöngvaranum Paul Robenson, þar sem hann söng sitt þekktasta lag: „Old Man River.“ Ég brá mér á myndina og undraðist hve hátt var til lofts og vítt til veggja í bragganum enda rúmaði salurinn um 400 bíógesti og ólíku saman að jafna við annað bíó, sem herinn skildi eftir sig og stóð neðst við Barónsstíg. Þetta braggabíó hlaut síðar nafnið Hafnarbíó. Það var í niðurníðslu eftir stríðslok – þakið lak og rottugangur mikill. Umskipti verða, þegar ráðist var í stórtækar breytingar á Nýja-bíó, 1945. Þá er húsakostur lagfærður til mikilla muna og bragginn fær það hlutverk að

verða Nýja-bíó næstu tvö árin. Margar voru þær myndirnar sem maður leit augum undir þessum bárujárnsboga.

Þegar tíma endurnýjunnar var lokið og Nýja-bíó flytur aftur í glæsilegt bíó við Lækjargötuna, freista nokkrir einstaklingar þess, að starfrækja braggabíóið áfram og hlýtur þá nafnið Hafnarbíó. Víða var leitað fanga við öflun kvikmynda t.d. frá Norðurlöndunum, EMI í Bretlandi og „Universal International“. Mikið magn af kvikmyndum hafði safnast saman á stríðsárunum í Danmörku og nú var m.a. sótt þangað. Þaðan komu t.d. nokkrar finnskar kvikmyndir sem þóttu prýðisgóðar. Síðar verða eigendaskipti og Hafnarbíó er undanfari Regnbogans við Hverfisgötu. Fyrsta fjölsalabíóið á Íslandi. Bragginn hrörlegi var svo rifinn í marz 1983.

KVIKMYNDA-FLÓRAN

Þrátt fyrir mikið áreiti frá ræmuverksmiðjunni í Hollywood, blómstruðu einnig kvikmyndir frá Norðurlöndunum, Þýzkalandi, Frakklandi og Ítalíu. Þær voru vel sóttar enda flestar með „dönskum texta“ – sem þótti nú aldeilis fínt- en Danmörk hafði alla tíð eignað sér rétt á dreifingu kvikmynda til Íslands, jafnvel eftir stofnun hins íslenska lýðveldis 1944! Skömmu síðar lauk svo þeim einokunarsamningi. Ef gluggað er í gamlar bíóauglýsingar, kemur í ljós að myndir frá Evrópu voru til sýningar hér í ríkum mæli.

Þegar ég hóf starf sem sýningarmaður við Stjörubíó 1952, þá var oft skartað með sænskar eða danskar myndir á páskum og hvítasunnu og norskar myndir voru stundum á dagskrá- en aldrei um jól eða nýár. Þá var flaggað amerískum myndum, sem þóttu bitastæðar.

Víkjum fram í tímann til ársins 1968 – Man einhver eftir dönsku „Rúmstokks“ – myndunum í Tónabíó og í Hafnarfirði? Þessar myndir „gengu“ vikum saman og þóttu djarfar „i den!“ en í dag myndu þær tromma upp á barnasýningum! Eftir að ég flutti mig frá Stjörubíói til Tónabíós 1967 – þá sýndi ég nokkrar af þessum myndum.

Nefna má fleiri dæmi um evrópskar myndir í kvikmyndahúsunum. Í einni og sömu vikunni árið 1962, var t.d. norsk mynd í Stjörubíó, þýzk mynd í Nýja-bíó og danskar myndir í Hafnarfirði. Annað dæmi sama ár. Franskar myndir í Stjörubíó og Kópavogsbíó. Í Háskólabíó austurrísk mynd og í Tónabíó þýzk mynd. Dönsk mynd í Bæjarbíó. Eitt dæmi í viðbót: Ítölsk mynd í Stjörubíó, norsk mynd í Háskólabíó, dönsk mynd í Austurbæjarbíó, írsk mynd í Laugarásbíó, þýzk mynd í Kópavogsbíó, frönsk mynd í Bæjarbíó og dönsk mynd í Hafnarfjarðarbíó.

KLIPIÐ Í KINNINA Á LÉNSHERRUNUM Í REYKJAVÍK

Kvikmyndahúsin í Hafnarfirði eru einmitt gott dæmi um vinsældir mynda, t.d. frá Danmörku og Ítalíu á sjötta og sjöunda áratug, myndir sem Hafnarfjarðarbíó og Bæjarbíó flutu inn í trássi við „forræði feðranna“ í Reykjavík. Sýningar á sömu myndinni stóðu jafnvel yfir sex mánuði í beit. Ég nefni t.d. „Styrmand Karlsen“ sem var jólamynd í Hafnarfjarðarbíó 1959 og sýnd í 23 vikur! Í auglýsingum frá bíóunum í Hafnarfirði, stóð oft: „Myndin hefur ekki verið sýnd í Reykjavík“.

Sagan er óskráð en heimildir um þetta merka tímabil má m.a. finna í gömlum „prógrömum“, umsögnum um myndirnar og í sjónvarpsmyndinni „Sýnd kl. 5,7 og 9“. Róbert Bjarnason, sem var sýningarstjóri í Bæjarbíó, sagði mér að stundum hefði verið „skellt á 11-sýningu“, þegar ítölskku þokkadísirnar Sophia Loren! Silvana Magnano! Gina Lollobrigida! Fylltu út í tjaldíð í Bæjarbíó með sínum þrýstilinum! Þá var hraðspólað til Hafnarfjarðar, samið við strætó-bílstjóra um að flytja bíógesti til Reykjavíkur að lokinni sýningu. Af hinni frægu mynd „Anna“ þurfti tvær „kópíur“ áður en yfir lauk vegna slits og álags. Sýningar á fyrra eintakinu voru nálægt eitt hundrað og áttatíu í einni lotu, þá var filman ekki lengur boðleg. Með nýju eintaki bættust síðan við um fimmtíu sýningar. (vert er að taka fram, að stundum voru eintökin frá Danmörku, 20% rispur og 80% mynd.)

FRAMHALD Á HÆGFARA BREYTINGUM

Þegar Austurbæjar-bíó hóf sýningar 1947, fylgdi með „United Artist“ frá Trípolibíó en Austurbæjarbíó var í eigu þeirra manna sem stóðu að Tónlistarfélaginu – en óháð þeirri menningarstofnun. „United Artist“ var í mikilli lægð á þessum tímum og ári síðar fékk Austurbæjarbíó „Warner Bros“ frá Tjarnarbíó. Einnig „Republic Pictures“ sem m.a. framleiddi allar Roy Rogers myndirnar sem sýndar voru við miklar vinsældir í „True-Color“, sem var nokkur nýlunda enda flestar myndir á þessum tíma svart/hvítar. (Þessar upplýsingar koma að sjálfsögðu frá Stefáni).

Stjörnubíó átti í dálitlu basli með „Columbia“ en hafðist þó. Þar með var kvótinn af bitastæðum, amerískum umboðum nánast uppurinn. Tjarnarbíó hélt eftir „Paramount“ og áður nefnd kvikmynda-umboð frá Englandi. Þær voru margar frábærar, bresku myndirnar sem birtust á tjaldinu í bíóinu við tjörnina. Típolibíó starfaði til ársloka 1961 en þá tók Tónabíó við sem kvikmyndahús Tónlistarfélagsins í apríl 1962 með myndum frá „United Artist“, sem var í mikilli uppsveiflu og skilaði af sér mörgum toppmyndum næsta áratuginn.

Við nánari athugun vekur það athygli, hve menningar- og styrktarfélag áttu ríkan þátt í bíórekstri um langt tímabil. Komið hefur fram að Tjarnarbíó var á vegum HÍ og síðar Háskólabíó, Trípolibíó á vegum Tónlistarfélagsins og svo Tónabíó. Bæjarbíó til styrktar Sólvangi í Hafnarfirði. Laugarásbíó á vegum DAS. Upphafið að Laugarásbíó voru kvikmyndasýningar í matsal DAS og sýndi þar Halldór Þórhallsson, kominn frá Vestmannaeyjum, eins og fjölmargir mætir sýningarmenn. Halldór varð síðar sýningarstjóri í Kópavogsbíó.

„SAMEINADIR STÖNDUM VÉR....“

Gömlu bíóeigendunum leizt ekki orðið á þessa vaxandi samkeppni með fjölgun kvikmyndahúsa, sem óneytanlega tók sneið af kökunni þeirra. Veldi þeirra var ógnað. „If you can't beat 'em, join 'em!“. Það var einmitt þetta sem skeði. Bíóeigendur stofnuðu með sér samtök, staðfestu skiptingu umboða og ró færðist yfir vígstöðvarnar um langt árabíll, þangað til... SIM SALA BIM SAM!

SÝNINGARMENN AF LÍFI OG SÁL

Stefán H. Jónsson var meðal hinna fjölmörgu. Hann var sýningarstjóri við Austurbæjarbíó frá opnun þess árið 1947 og starfaði þar í fjóra áratugi. Austurbæjarbíó var stærsta samkomuhús landsins á þeim tíma með tæplega 800 sæti í sal. Þetta hús varð því fljótlega miðdepill skemmtanahalds í Reykjavík. Þangað sóttu margir erlendir listamenn á sviði tónlistar af öllu tagi, ótal leiksýningar, „Kabarettar“, danslaga- og söngvakeppnir. Svo mætti lengi telja. Fyrsti „concertinn“ var með hinum fræga Busch-kvartett. Húsið var tilbúið en það vantaði dúkinn á gólfíð og stólana! Til að bjarga málum voru fengnir að láni bekkir úr Austurbæjarskólanum. Það kom ósjálfrátt í hlut Stefáns að sinna ýmsum undirbúningi á vegum hússins, jafnvel á byggingarstigi þess. Hann var ekki bara sýningarmaður kl. 5,7 og 9 heldur einnig ljósamaður og hljóðmaður í langan tíma á þeim skemmtunum sem haldnar voru í Austurbæjarbíó, eftir venjulegan sýningartíma. Vinnu-„dagurinn“ var því oft ærið langur.

Stefán lærði til starfsins árið 1946, í bragganum bið Barónsstíg undir handleiðslu hins eina og sanna „Óla í bíó“, (þegar Nýjabíó í Lækjargötunni var í endurnýjun), gagnert til að taka við starfi sýningarstjóra í Austurbæjarbíó. Námið tók sex mánuði og er Stefán því síðasti sýningarmaðurinn sem tekur próf áður en reglugerð um nám, öryggi og skyldur sýningarmanna tók gildi 1947 en þar er kveðið á um eitt ár í sýningarklefa að lágmarki 500 klst.

Stefán var ötull baráttumaður í kjarabaráttunni við bíóeigendur. Hann var m.a. frumkvöðull að tillögu, hvenær vinnutíma sýningarmanna lyki. Samkomulag náðist um að hefðbundnum vinnutíma væri lokið kl. 23:30. Eftir þann tíma yrði greidd aukavinna.

Fleiri voru þeir sýningarmennirnir af „gömlu kynslóðinni“ sem af lífi og sál börðust í upphafi að framgangi F.S.K. Starfið var þeirra hugsjón.

STOFNFÉLAGAR F.S.K. Í MARZ, 1945

Ólafur L. Jónsson, Nýjabíó (aðalhvatamaður að stofnun félags sýningarmanna)

Karl Guðmundsson. Fyrstu árin í Nýjabíó og síðan sýningarstjóri við Tjarnarbíó 1942 og Háskólabíó frá 1961.

Ólafur Árnason, Gamlabíó.

Gunnar Þorvarðarson, síðar sýningarstjóri í Stjör nubíó til 1955.

Sveinn Guðmundsson, Bíóhöllinni Akranesi.

Sigurður Gíslason, Nýjabíó (hann var einnig mjög ötull hvatamaður að stofnun FSK).

Í einu af blöðum F.S.K. „Sýningarmaðurinn“ er þess getið að stofnfélagar hafi verið 14 að tölu úr Reykjavík og nágrenni. Einungis er getið um nöfn ofangreindra manna. Aðeins skráð heimild frá þessum fundi á skírdag 1945, getur gefið nánari upplýsingar – ef sú fundargerð er til – því allir þeir

félagar okkar eru láttnir. Ólafur L. Jónsson barðist manna mest fyrir löggildingu á námi, starfi og öryggisútbúnaði sýningarmanna og sá áfangi tók enda með reglugerð frá Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 1947. Í framhaldi af þessum sigri var lögð rík áherzla á öryggisútbúnað í sýningarklefum, því filmur voru alla tíð mjög eldfimar. Eftir 1950 var þessi eldhætta að mestu liðin hjá með breyttum aðferðum við gerð hráfilma en samt voru eldri myndir lengi til sýningar í kvikmyndahúsum.

SÖGUR ÚR „BRANSANUM“

Skemmtilega sögu sagði meistari minn í Tjarnarbíó, Karl Guðmundsson, þegar var verið að sjóða saman drög að reglugerð um nám verðandi sýningarmanna. Í upphafi hljóðaði ein greinin á þessa leið: „Sá sem hefur verið eitt ár í klefa skal hljóta réttindi sem sýningarmaður“. Þá benti einhver á, að þessi grein gæti valdið misskilningi. Strangt til tekið þá gætu allir fangar sem hefðu setið inni eitt ár í klefa, fengið réttindi sem sýningarmenn!!

KVEIKJUM ELD KÁTT HANN BRENNUR

Fyrir þá sem ekki vita, var Brunaliðið í Reykjavík lengi staðsett við hliðina á Tjarnarbíó. Karl sýningarstjóri var góðkunningi slökkviliðsmanna og tók stundum í spil með þeim. Þeir voru þess vel meðvitandi hve eldfimar filmurnar voru og einhverju sinni „gortaði“ vaktstjórinn við Karl að þeir hefðu fengið í hendur ný handslökkvitæki og nú skyldi hann sanna í eitt skipti fyrir öll, hversu auðvelt það væri að slökkva í einni slíkri filmu! Karl tók áskoruninni og við fyrsta tækifæri var dreift úr gamalli filmurúllu í porti innan stöðvarinnar. Vaktstjórinn stóð galvaskur við nýja tækið, tilbúinn að skrúfa frá um leið og Karl kastaði logandi eldspýtu á hrúguna. Þá hófst stytta brunaæfing í heimi!! Hún stóð yfir í þrjár sekúndur!! Filman var orðin að öskuhrúgu áður en rafboð til heilans um eld, skipaði slökkviliðsmanninum að skrúfa frá!!

P.S.

Þessi ágæta saga hefur þó alvarlegan undirtón. Hún sýnir okkur, hve starf sýningarmannsins var í raun hættulegt á tímum „nitrate“ filmunnar. Kolbogaljósið, sem notað var til lýsingar á filmunni, var opinn eldur milli tveggja kolastanga og mesta hættan var sú ef filma slitnaði, að ræman myndi e.t.v. renna gegnum myndopið og inn í kolbogahúsið eða þá að hún stöðvaðist í ljósopinu og brenna. Í því tilviki hafði árvökull sýningarmaður kannski tíma til að loka fyrir ljósið og varna frekari íkveikju. Það komu fyrir atvik, þar sem bíógestir sáu brunagat myndast á filmunni í stækkaðri mynd á tjaldinu.

ÚTVARP REYKJAVÍK – NÆST Á DAGSKRÁ ER...

Sýningarklefinn í Tjarnarbíó var (eða er ennþá?) úr timbri. Einnig stiginn upp í klefann, gólfið og veggurinn milli salarins og klefans. Sá veggur var ekki vel hljóðeinangraður. Karl sýningarstjóri var með sitt útvarp í klefanum og hlustaði gjarnan á þætti og sögur á gömlu, góðu „Gufunni“. Eitt kvöldið heyrðist fótatak í stiganum. Í gættina birtist maður, býður gott kvöld og mælir kurteislega

við Karl sýningarstjóra: „Eiginlega kom ég í bíó til að horfa á myndina en ekki til að hlusta á útvarpssöguna“! Maðurinn kvaddi og Karl lækkaði í útvarpinu!

Þess má geta í sambandi við alla trésmíðina sem nefnd var áðan, að reglugerð um öryggisbúnað í sýningarklefum leit fyrst dagsins ljós árið 1947. Tjarnarbíó 1942, hefði á þeim tíma ekki staðist ákvæði í 2. grein reglugerðarinnar, þar sem svo er ritað: „Í sýningarherbergi og hliðarherbergi, ef það er til staðar, skulu veggir, loft, gólf og hurðir ásamt körmum, vera úr eldtraustu efni“ Engar lagfæringar áttu sér stað, þrátt fyrir ákvæði reglugerðarinnar um eldvarnir.

SÝNINGARMAÐURINN VAR MERKILEGUR KARL!

Klapp eitt: Það er ekki algengt að bíógestir í sal klappi fyrir sýningarmanninum! Það hefur þó gerst. Byrjum á Fjalakettinum árið 1906, fyrsta alvöru bíóinu á Íslandi. Þannig hagaði til að sýningarmaðurinn, Bíó-Pedersen, varð að ganga gegnum salinn til að komast í sýningarklefan. Á barnasýningum vissu krakkarnir að nú væri töframaðurinn mættur. Þá klöppuðu börnin og stöppuðu fótum í gólfið.

POLINMÓÐIR BÍÓGESTIR

Klapp tvö: Stjörnubíó. Eftir „fyrri“ brunann í Stjörnubíó í janúar 1954, var sett upp nýtt sýningartjald og nýtt fortjald. (Ekki má gleyma tvöföldu „ástarsætunum“ en þetta var aftasti bekkurinn í salnum!). Þetta fortjald var einstakt í sinni röð. Það var í fjölmörgum, bogadregnum fellingum, sem lögðust snyrtilega á 2ja tommu fjórtán metra langt járnör við upplyftingu. Herlegheitin birtust sem báru á sendinni sjávarströnd! Gárungar voru ekki lengi að nefna tjaldið „Töfrateppi“!! Tólf vírar tengdust járnörinu og mótör upp á háloftinu dró svo heila dótarið upp eða lét síga. Það var til síðs að fella tjaldið í hléinu til að sýna gestum þetta undur. Eftir margra ára notkun, skeði svo óhappið. Ég var að hala tjaldið upp eftir hlé, þegar aðalvírinn slitnaði – á miðri leið! Járngöndullinn skall niður á senuna með þvílíkum hávaða, að bíógestur á þriðja bekk hentist aftur fyrir sig og lenti í fimmtu sætaröð!! (næstum því satt!). Í lítilli skonsu við sviðið var neyðarútbúnaður, þar sem hægt var að hífa upp tjaldið með sveif. Dyravörðurinn og ég hófust nú handa við að snúa og snúa og tók athöfnin u.þ.b. tuttugu mínútur. Á meðan biðu bíógestir hinir rólegustu, fengu sér jafnvel „smók“ í forsalnum. Loks var tjaldið komið upp og þegar við birtumst kófsveittir frammi fyrir fólkinu, var okkur klappað lof í lófa og sýningin gat hafist að nýju. Hvað segir ekki máltækið: „The show must go on“!

SIRKUS-TJALDIÐ

Klapp þrjú: Tónabíó. Sigurjón var að hefja fyrstu sýningu dagsins, þegar fortjaldið neitaði að opna nema til hálf. Í salnum voru um sextíu bíógestir. Fátt eitt var til ráða fyrir sýningarmanninn en að arka niður í sal og upp á sviðið í þeirri von að geta tosað tjaldvængina til hliðar með handafla. Það gekk ágætlega með hægra tjaldið. Vandræðin hófust vinstra megin. Togvírinn hafði flækst í rennuni og tjaldið haggast ekki! Þá hófst sýnikennsla í loftfimleikum!! Sigurjón fíkraði sig upp eftir tjaldinu þar til hann náði taki á rennuni. Þar hékk hann á annari hendinni en rykkti af öllu afli

í taudið og vírana með hinni. Flækjan losnaði að lokum og Sigurjón lét sig síga niður eftir fortjaldinu. Þá heyrðist fegins-stuna frá bíógestum. Sigurjón hrökk inn í veruleikann. Í hans huga voru bíógestirnir alls ekki þarna! Sigurjón vippaði tjaldinu til hliðar og þá var klappað! Sýningin gat hafist.

MÚSIK-TÍMABILÐ (og innbrot í kaupbæti).

„Rock around the Clock“ með Bill Haley and the Comets í marz, 1957. Þessi mynd hafði valdið miklu írafári í Bandaríkjunum enda var rokkið að ná fótfestu með söng- og mjaðmahnykkjum Presleys, siðprúðu fólki til mikillar skelfingar sem töldu að nú væri æskulýðurinn genginn af göflunum. Reyndar gekk víða mikið á í öðrum löndum þar sem myndin var sýnd. Mörg kvikmyndahús voru nánast lögð í rúst í lok sýningar, stólar brotnir og unglingarnir rokkudu. Myndin var frá „Columbia“ og kom því í hlut Stjörnubíós að sýna þessa stórhættulegu mynd! Samningar tókust um að myndin kæmi nánast strax, því ekki þótti tækt að bíða í tvö til þrjú ár samkvæmt hefðbundnum samningi og „bólán“ þá sprungin fyrir löngu. Eftirvæntingin var mikil en viðbrögð íslensku unglinganna voru öllu vægari en hjá jafnöldum þeirra í Ameríku og víðar. Auðvitað var stuð og unga fólkið skemmti sér, klappaði og stappaði en að lokinni sýningu hurfu allir þrúðir og stilltir á brott. (Ég setti reyndar mjög rólegt útgöngulag á fóninn með einhverjum vælukjóa). Aðsóknin var slík að skellt var á miðnætursýningum fyrstu sýningarhelgina, sennilega þeim fyrstu í bíósögu Reykjavíkur. Velgengni þessarar myndar leiddi af sér röð af léttvægum músik-myndum frá „Columbia“. Ég sýndi „Rúmbu“-myndir, „Calypso“ –myndir, „Latin“ –myndir og „Rokk“ –mynd númer tvö. Engin þessara mynda sló í gegn og þetta tónaflóð rann út í sandinn smá saman. (P.S. Til fróðleiks: Hljóðkerfið í Stjörnubíó samanstóð af einum 25W lampamagnara!!).

Loks komið að sögunni sjálfri. Nótt eina var brotist inn í Stjörnubíó. Þjófarnir hafa eflaust hugsað sér gott til glóðarinnar og talið að þar væru seðlar í sekkjavís eftir aðsóknina af Rokk –myndinni.. Niðri í kjallara Stjörnubíós var rammgerð járnhurð í innmúruðum ramma. Þarna voru peningarnir!! Hurðin var erfið viðfangs. Barsmíðar með sleggju og exi og tilheyrandi hávaða stóðu yfir lengi nætur og loks létu lamirnar undan. Þvílík vonbrigði! Það liggur við að ég vorkenni innbrotsmönnunum í dag! Í „peningageymslunni“ voru engir peningar, heldur var þetta geymsla fyrir eldfimar filmur! Þjófarnir hafa við svo búið látið sig hverfa en afraksturinn var: 300 krónur í skiptimynt og tveir poka af konfekt frá „Freyju“! Lögreglan leitaði aðstoðar almennings. Hafði einhver heyrt hávaða eða orðið innbrotsmanna var? Loks gaf sig fram kona ein í næsta húsi. Jú, jú, hún hafði heyrt mikla barsmíð lengi nætur, sem greinilega kom frá Stjörnubíó. En hún hafði líka lesið um ólætin í útlöndum vegna sýningar á „Rock around the Clock“ og áleit sem svo að rokkóðir unglingar hefðu rústað innbúinu! „Ég hélt að smíðir væru að gera við stólana“!! Rökrétt ályktun!

AFTUR TIL FORTÍÐAR

Við skulum bregða okkur í stutta stund til ársins 1952. Kóreustríðið var í algleymingi og einnig bresku fréttamyndirnar í Tjarnarbíó. En hvað eiga þessi tvö atriði sameiginlegt? Sú saga er nokkuð

sérkennileg. Ég var í heimsókn hjá Boga og sjö-sýningin brátt að hefjast. Þá koma upp í klefann ung kona og faðir hennar og var gestakoman greinilega með vitund Boga. Fréttamynd var m.a. frá átökum í Kóreu (þar sem Bandaríkjamenn áttu drjúgan hlut). Það birtist nærmynd af bandarískum hermanni sem er að munda vélbyssu. Þá mælir stúlkan lágum rómi: „Þetta er hann“. Hvað lá á bak við heimsókn feðginanna? Þessi soldát hafði átt dvöl í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Unga, íslenzka konan og hermaðurinn höfðu fellt hugi saman og eignast barn. (Bogi sagði mér þessa sögu eftirá). Góði dátinn „sveik“ fór svo af landi brott og lét sig hverfa úr lífi snótarinnar – kannski skilið eftir sig slóð af fögrum fyrirheitum. Stúlkan hafði brugðið sér í bíó og komið auga á fyrrum ástmann sinn í fréttamyndinni. Bogi klippti ramma úr myndinni af vélbyssuhetjunni og afhenti ungu konunni. Málinu var greinilega ekki lokið af hennar hálfu en framhaldið hefur runnið inn í framtíðina.

Hermaður kemur til Íslands frá Bandaríkjunum. Dvelur í Keflavíkurherstöðinni í nokkur ár. Kynnist íslenzkri stúlku. Kallaður til skyldustarfa í Kóreu. Birtist á hvíta tjaldinu í Tjarnarbíó. Snýr svo væntanlega til sinna heimahaga. Hringnum er lokað. En hvað með giftingarhringinn?

Sýningarmenn!! Skráið niður sögur úr „bransanum“!

HRUNADANSINN Í HOLLYWOOD

Á árunum 1948 til 1952 hafði aðsókn að kvikmyndum í USA fjarað út um hleming með vaxandi sjónvarpsglápi. Þá sat fjölskyldan heima með belginn fullan af kók og bjór og horfði með undrun á hvern ramma í litlu, svart/hvítu sjónvarpi. Kvikmyndafélögin lögðust undir feld og íhuguðu aðgerðir til að draga fólkið upp úr sófanum og í bíó.

ÞRÍVÍDDARMYNDIR!! Það var lausnin! Strax var hafin framleiðsla í stórum stíl á þrívíddarmyndum, sem flestar voru í ómerkilegri kantinum – ofhlaðnar áhrifum þriðju víddarinnar, þar sem ljón, járnbrautarlestir, byssukúlur, örvar og kjaftshögg lentu framan í áhorfendum. Tilraunin heppnaðist nokkuð vel og bíógestum fjölgaði. En blaðran missti smá saman allt loft, sem lauf er fölnar að hausti og eftir tvö ár fóru flestar þrívíddarmyndir í sýningu á hefðbundinn hátt.

Ástæðan var kannski fyrst og fremst notkun sérstakra gleraugna. Til að framkalla þrívíddina, þurfti að sýna tvö eintök myndarinnar á tveim sýningarvélum. „Polarized“ gler framan við sýningarvélarnar og gleraugu áhorfenda, gerðu það að verkum að sjónskynjunin framkallaði þrívíddaráhrif – en bara hjá þeim sem höfðu óskerta sjón!! Hjá hinum – engin þrívídd bara hausverkur! (Að sjálfsögðu var hvergi getið um þennan hæng í auglýsingum). Sumir óánægðir bíógestir grýttu gleraugunum í dyravörðinn að lokinni sýningu.

ÞRÍVÍDDAR – ÆÐIÐ

Við erum tveir sýningarmenn hér og nú, sem lentum í þessum darraðadansi. Stefán í Austurbæjarbíó og ég í Stjörnubíó. Sýningarmennirnir sem sáu nánast um allan undirbúning, voru

þeir Jóhann í Trípolibíó og Gunnar í Stjör nubíó; báðir voru miklir fagmenn á sínu sviði en hafa horfið til annarrar víddar.

Mikil leynd hvíldi yfir frumsýningu þrívíddarmynda hér í Reykjavík. Austurbæjarbíó, Stjör nubíó og Trípolibíó kepptust um að verða fyrst til. Austurbæjarbíó og Trípolibíó náðu að opna sama daginn, 3. Október 1953. Í Austurbæjarbíó er sýnd hin frábæra hryllingsmynd „House of Wax“ í þrívíðum hljóð sem nýttist ekki hér á þessum tíma og Trípolibíó með myndinni „Bwana Devil“. Báðar voru þessar myndir í lit. Trípoli myndin var auglýst sem „fyrsta þrívíddarmyndin í heimi“. Sannleikurinn er sá að þrívíddarmynd var sýnd árið 1890 sem tilraun en fyrsta myndin á almennri sýningu, 1920! Stefán sagði mér meira að segja, að hann hefði sem unglingur séð þrívíddarmynd í gamla „Fjalakettinum“, þar sem heil járnbrautarlest fór í gegnum salinn!! Þá var notast við lituð gleraugu. Aftur á móti var „Bwana Devil“ fyrsta 3D-myndin í fullri lengd. Viku seinna sýnir svo Stjör nubíó þrívíddarmyndina „Man in dark“ sem var svart/hvít en með brúnni áferð.

ÞANDAR TAUGAR!

Þessar sýningar voru engar venjulegar sýningar. Til að byrja eð voru fest kaup á stórum spóluboxum. Nú dugði ekki minna en að geta sýnt heilan klukkutíma í einni lotu á báðum sýningarvélunum. Allar götur fram að þeim tíma höfðu verið spóluskiptingar á milli véla með 20 mín. millibili. Það mátti ekki muna einum myndamma á filmunum í þrívíddarsýningu, þá urðu áhrifin vægast sagt skrytin. Upphaf hverrar sýningar var því hálfgerð martröð. Ef eitthvað fór úrskeiðis við þræðingu, þurfti að stoppa, finna réttu rammanna eða byrja upp á nýtt.

Sami hraði sýningarvélanna var grundvallaratriði og tæknin á vélrænu stigi. Á gólfinu milli vélanna var öxull á legum og frá honum keðjudrif og tannhjól, fest á öxulinn og mótor. Engin skrúfa mátti losna eða keðjur hlaupa milli tanna – þá var voðinn vís. Gunnar heitinn og ég vorum alltaf tveir saman á þessum „chain massacre“ sýningum.

Stefán sagði mér að hann hefði lent í miklum vandræðum með myndina „House of Wax“. Ástæðan var sú að annað eintakið kom frá norðurhveli jarðar en hitt frá Ástralíu! Á þrífusýningu kom í ljós að þrívíddin hljóp víða úr skorðum. „Kóþian“ frá Ástralíu var með mörgum límingum og greinilega margsýnd. Týndir voru ramar hér og ramar þar. Nú voru góð ráð dýr! Enginn tími til að nálgast annað eintak og þá greip Stefán til þess eina ráðs sem tiltækt var. Hann fór í gegnum hverja einustu límingu á samstæðum filmupáttum. Þar sem vantaði myndamma – og stundum allmarga – þá varð hann að fjarlægja samsvarandi filmubút úr hinu eintakinu og studdist við svonefnd kantnúmer. Hvort sem þið trúid þvi eða ekki, þá vann Stefán nær sleitulaust í þrjá sólarhringa við þessar lagfæringar! Við í Stjör nubíó lentum aldrei í þessum vandræðum. Þess er vert að geta að „tape“ –splæsingar voru að ryðja sér til rúms á þessum árum en áður fyrr var filman límd saman með vökvalími og bíða þurfti í 20-30 sek. til að tryggja örugga samfestingu. Geta má nærri að sú aðferð hefði ekki gengið upp með límingar á myndinni „House of Wax“!

Svo var það sýningartjaldið. Hér dugði enginn hefðbundinn plastdúkur, heldur varð að festa kaup á sérstöku perlutjaldi (stundum nefnt silfurtjald), sem hafði frekar þröngan endurskinsstaðal. Þetta

kom lítið að sök við sýningu þrívíddarmyndanna en þegar yfir lauk og venjulegar sýningar hófust á nýjan leik, kom í ljós að myndin á tjaldinu dökknaði að verulegu marki, þegar setið var í hliðarsætum. Austurbæjarbíó og Trípolibíó sýndu aðeins eina mynd hvort. Önnur kvikmyndahús í Reykjavík létu þessa bólu lönd og leið. Stjörnubíó þraukaði lengur. Ég sýndi svo síðustu þrívíddarmyndina 1956. Hún nefndist „Ókunnur maðurinn“, kúrekamynd með Randolph Scott. (hver er nú það!!) Þegar sýningum var lokið á fyrstu myndinni í Stjörnubíó, var tækninni lyft á hærra plan. Fest voru kaup á „synchron“ –mótorum og með einu handtaki var hægt að læsa saman hraða vélanna. Þar með var keðjudrifið úr sögunni og hávaðinn sem því fylgdi.

EKKERT ER NÝTT AF NÁLINNI! (TRAILER)

Margar útgáfur af breiðtjaldi og Cinema-Scope voru gerðar á árunum fyrir 1930 (var þá nefnt Anamorphoscope og var tilraun fransks prófessors). Tilraunir með 65/70 mm filmubreiddir voru þá líka á döfni. (forveri Todd-AO). Kvikmyndafélögin í Hollywood sýndu þessu brölti lítinn áhuga og töldu enga þörf á að breyta gamla myndforminu. Fólk kom í bíó til að sjá stjörnur sínar. Það var ekki fyrr en sjónvarpið hélt innreið sína í USA sem almenningsseign og bíóaðsókn fór dvínandi, að rykið var dustað af þessum gömlu hugmyndum að gera myndflötinn á tjaldinu áhrifameiri og reka fólk aftur í kvikmyndahúsin og áfram hélt baráttan við sjónvarpið.

FRAM, FRAM FYLKING...

Þegar áhuginn á þrívíddinni dofnaði, var næsta skrefið að stækka myndina á tjaldinu. Breiðtjaldið leit dagsins ljós. Stækka tjaldið, stækka myndina, og teygja hana til hliðar. Í auglýsingum var lögð mikil áherzla á þá víðáttusýn sem skapaðist í bíó í stað þess að horfa á ómerkilegan, lítinn skjá heima í stofu. Fjáruátlát bíóeigenda fólust í kaupum á nýjum linsum og sýningartjaldi. Þetta voru þolanleg útgjöld. Sýningarmenn sáu um öll tæknilegu atriðin.

Eltingarleikur við nýjustu tækni og vísindi er síður en svo ný bóla meðal Íslendinga! Bíóin hér byrjuðu því strax að útbúa breiðtjaldið en í þetta sinn hlupu fæturnir hraðar en búkurinn. Sannleikurinn var sá að allar kvikmyndir frá Hollywood og annars staðar frá, voru 2ja til 3ja ára gamlar – jafnvel eldri þegar þær voru teknar til sýningar hér. Bíóin voru að fá myndir í „akademíska“ forminu 1:1,37 en fyrsta breiðtjaldið bauð upp á hlutföllin 1:1,66 sem endaði svo í 1:1,85 (Þessar upplýsingar eru bara fyrir fagmenn!)

Útkoman var oft vægast sagt hræðileg. Ég mæli af eigin reynslu. Það kom fyrir að maður stóð við sýningarvélina á vissum augnablikum til að færa myndina niður svo að hausar hyrfu ekki upp fyrir tjaldið eða lyfta henni upp, þegar mynd af hendi greip rýting í rasshæð svo áhorfendur vissu af hverju hnífur stóð skyndilega í baki óvinarins!

Á HÖRPUNNAR ÓMA...

Smá saman lagaðist þetta ástand með tilkomu nýrra mynda en kvikmyndagerðarmenn utan USA voru ekki að elta þessa nýbreytni til að byrja með og héldu sig lengi vel við ferkantaða formið.

Linsu- og rammaskipti komu þá til sögunnar, því útilokað var að sýna myndir með texta (dönskum) í breiðtjaldsforminu. Alls konar tilraunir voru á kreiki hjá bandarísku kvikmyndafélögum. Ég ætla ekki að tíunda þær tæknilegu framfarir, því sýningarmenn þekkja þær vel nú til dags en á eftir breiðtjaldinu – í ýmsum útgáfum, var komið að hljóðinu. Fjögra rása segultón var ætlað að leysa ljóstóninn af hólmi með auknum áhrifum og víðóma hljóð. Bæjarbíó í Hafnarfirði reið á vaðið á jólum 1956 með myndinni „Horfinn heimur“ í Cinema Scope. Þessi framför í bíóhljóði stóð stutt við vegna við kaupa á dýrum búnaði. (Aukahátalarar og magnarar ásamt segultónstæki). Þar að auki entust tónhausar og segulrandirnar á filmunni illa. Ekkert annað kvikmyndahús festi kaup á svona segultóns – græjum en Austurbæjarbíó sýndi eina mynd með 4ra rása segultón og fékk þá lánuð tækin úr Bæjarbíó.

Þá er segultóninn úr sögunni, þar til Laugarásbíó og Háskólabíó setja upp TODD-AO sýningarvélur fyrir 70mm/35mm filmur með sex rása segultón. Sýndar voru nokkrar myndir hér á landi í þessu formi en svo fer á sömu leið: Hvorki risastór mynd né hljóð virtust falla í kramið. Hávaði úr öllum áttum lét oft illa í eyrum og „pirraði“ bíógesti. Nýja brumið dafnaði ekki og fólkið vildu bara sjá góðar bíómyndir. Örlög fjölmargra TODD-AO mynda sem framleiddar voru, fóru um síðir til sýningar sem venjulegar 35mm filmur. Það eru nokkrir sýningamenn af „yngri“ kynslóðinni sem náðu í skottið á TODD-AO tímabilinu, t.d. Friðjón í Háskólabíó, Einar Guðjóns sem sýndi þá í Laugarásbíó og Einar Kristins (núverandi formaður F.S.K. 2007) í Háskólabíó.

BREIÐARA BREIÐTJALD

Ég nefndi Cinema-Scope. Það var enn ein tilraunin til að auka bíósóknina í USA. Með þessari upptöku- og sýningaráðferð var sjónarhornið nær tvöfaldað frá breiðtjaldsmyndinni. Að sjálfsgöðu voru ný sýningartjöld sett upp og þau teygð til ystu marka á endagaflí bíóhússins og ný tegund af linsum litu dagsins ljós.

Fyrsta myndin sem sýnd var hér á landi í þessu formi, hét „The Robe“ og var sýnd í Nýjabíó, 1955. Sem sýningarmanni var mér nánast skylt að rýna augum þessa nýju myndtækni. Á undan var stutt kynningarmynd um Cinema Scope: Lítil, svart/hvít mynd birtist á miðju tjaldsins. Inn í rammann steig maður sem hóf að kynna muninn á gömlu, ferköntuðu myndunum – og svo Cinema Scope. Smá saman víkkaði myndin – hún breyttist í breiðtjald á meðan maðurinn rausaði – og svo Cinema Scope!! Þá birtist stjóra tjaldið og myndin var komin í lit! Já, þetta var nokkuð stórfengleg sjón!

FILMUBRUNINN MIKLI

Í samningum við bandarísku kvikmyndafélögin voru ákvæði þar sem bíóeigendum var gert skylt að eyðileggja myndir, þegar tími þeirra var úrunninn. Þá kom listi frá framleiðendum til viðkomandi kvikmyndahúss um þær myndir, sem skyldi fargað. Til staðar var lögreglumaður frá embætti lögreglustjóra. Hann fylgdist með tiltekt á myndunum. Síðan var þeim sturtað á öskuhaugana og þær brenndar. Þá gaf lögreglustjóri út vottorð sem sent var viðkomandi kvikmyndafélagi. Þetta var oft mikið bál.

Þegar ég var við nám, fór ég eitt sinn með Boga í Tjarnarbíó til að eyðileggja filmur. Lagt var af stað frá Tjarnargötunni með farm af eldfimum filmum á vörubílspalli. Leiðin lá í Elliðavoginn á óbyggt svæði neðan við núverandi bílaumboð Ingvars Helgasonar en á þeim tíma var leyfilegt að henda þar rusli og kveikja bál. Filmunum var sturtað í hrúgu. Filmuspotti var dreginn eina fimmtíu metra frá tilvonandi bálkesti. Þessu má líkja við atriði úr hryðjuverkamynd. Skæruliðar að sprengja upp olíustöð!! Það eina sem vantaði voru hettur yfir hausum og sótlituð andlit. Bogi bar eldspýtu að tundurþræðinum. Lengjan fuðraði upp á nokkrum sekúndum og þvílík sprenging!! Mér er í minni hitahöggið sem myndaðist eitt augnablik. Það lá við að lakkið á bílnum hans Boga sviðnaði þótt hann væri í hundrað metra fjarlægð. Eldhafið reis og féll á tuttugu sekúndum!

Síðar, þegar filmur voru ekki lengur eldfimar, var jafnvel notast við exi til að höggva í spólurnar! Eftir slíkar misþyrmingar voru þær að sjálfsögðu ekki sýningarhæfar. Ekki voru allar þessar myndir ódauðleg listaverk en hver er þess umkominn í dag að meta gildi þeirra og tíðaranda, þegar nú eru liðin 50-60 ár frá „kvikmyndabrennunni“ miklu. (ritað árið 2006). Það sagði mér forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands fyrir nokkrum árum að glatast hefðu með öllu um 20 til 30% af öllum kvikmyndum frá þessu svarta tímabili. Þetta hefði komið fram á norrænni safnaráðstefnu.

FLÓKT:

Ég hafði fljótt mikinn áhuga á kvikmyndasýningum. Það voru ekki beinlínis kvikmyndirnar sem vöktu áhuga minn, heldur „apparatið“ bak við vegginn og ljósgeislinn sem klauf myrkvaðan salinn og framkallaði þessi töfrabrogð á hvíta tjaldinu. Faðir minn þekkti Boga í Tjarnarbíó enda báðir frá Vestmannaeyjum. Hann skynjaði áhuga minn og dag einn lögðum við leið okkar til Boga sem stóð við sýningarvélarnar í Tjarnarbíó, til að kanna hvort ég gæti komist að sem lærlingur, þá 18 ára gamall. Því miður. Lögin um nám, skyldur og aldur voru gengin í gildi fyrir tveimur árum og enginn gat hafið nám, fyrr en hann var orðinn fullra 19 ára. „En talaðu við okkur Kalla eftir ár“, sagði Bogi og þótti honum málalokin miður. Ég mætti á afmælisdaginn minn árinu seinna!! Samþykkt var að taka mig í nám en á þeim tíma var ég að hefja símvirkjanám, sem var dagvinna og hentaði því vel við sýningarstörfin. Ég lauk svo prófi í Tjarnarbíó, 1951.

DRAUMURINN LANGI

Grunnurinn að Stjörubíói var lagður um svipað leiti og að Austurbæjarbíói, árið 1946 en steinsteypta gólfplatan við Laugaveg 94, blasti við ein og sér á annað ár. Það skorti peninga og byggingarefni til að halda áfram. Þá tók sig til stórkaupmaðurinn Hjalti Lýðsson. Hann hafði trú á verkefninu, útvegaði fjármagn og Stjörubíó reis. Ýmsir aðrir komu við sögu í upphafi en Hjalti varð síðar einkaeigandi. Ég stóð á steinsteyptri plötunni, þar sem Stjörubíó átti að rísa, 16 ára gamall árið 1947 og sagði upphátt við sjálfan mig: „Hér ætla ég að verða sýningarstjóri!! Stór draumur! En sá draumur varð að veruleika árið 1955, þegar Gunnar Þorvarðarson hætti sem sýningarstjóri í Stjörubíó og tók að sér störf við uppsetningar og viðhald á sýningarvélum. Þá hafði ég unnið með honum sem annar sýningarmaður í þrjú ár. Ég man líka eftir skilti, sem fest var

á járnstöng við hliðina á grunninum. Þar stóð: „Á þessum stað var Glímufjélagið Ármann stofnað árið 1888“. Þessi skiki var nefndur „Skellur“. Hver urðu örlög þessa skiltis veit ég ekki en ef til vill er það varðveitt á safni.

...legg ég svo á og mæli um..

Ferill Stjörubíós er að mörgu leyti sérstakur. Hvort sem menn trú á álagabletti eða hindurvitni, þá las ég í bók eftir Árna Óla, þann merka fræðimann, að á þeim stað sem Stjörubíó reis löngu síðar, hafi verið álagablettur. Að má velta því fyrir sér hversvegna Stjörubíó verður tvisvar sinnum eldi að bráð með nær tuttugu ára millibili '54 og '73. Ég fullyrði að þessi atburðarrás sé einsdæmi a.m.k. í nálægum löndum. Orsakir voru aldrei fyllilega ljósar. Rafmagni einna helst kennt um. Það tók tvo mánuði að koma bíóinu í lag eftir fyrri brunann. Aðeins útveggir salarins stóðu uppi eftir seinni brunann '73. Þrátt fyrir þetta áfall, ákváðu eigendur að reisa nýtt Stjörubíó. Það var endurbyggt á met tíma á sex mánuðum.

Þó undarlegt megi virðast, þá hélt veggurinn milli salar og sýningarklefa í báðum tilvikum. Sýningarvélarnar voru heilar en linsugler bráðnuðu. Þó svo að tími eldfimu filmanna væri liðinn, þá var það vani af gamla skólanum að fella niður allar öryggislokur fyrir sýningaropin að lokinni síðustu sýningu – öryggislokur úr járn, sem upphaflega voru ætlaðar til varnar því að eldur í sýningarklefa næði fram í salinn! Þetta var í reglugerðinni um öryggi bíógesta. Hér snérist dæmið við. Eldsvoðinn í salnum forðaði sýningarvélunum frá eyðileggingu! Lokurnar hitnuðu, bólgnuðu og bognuðu – en héldu!

BRUNABÓT

Í framhaldi af bruna í kvikmyndahúsum hér á landi vegna eldfimu filmunnar er í raun eitt alvarlegt atvik. Það skeði í Siglufjarðarbíó 1936. Þetta atvik tjáði mér Óli í Gamla bíó. Sýning stóð yfir á myndinni „Que Vadis“ frá Gamla bíó. Þegar Róm stóð í björtu báli, þá kviknaði í filmunni og bíógestir sem og sýningarmaðurinn átti fótum sínum fjör að launa. Skemmdir urðu miklar. Í eitt skipti kviknaði í filmu hjá Óla í Gamla bíó en hann var fljótur að rífa filmuna í sundur við efra og neðra spóluboxið, svo eldurinn næði ekki að læsa sig í alla filmuna. Töluvert verk var að hreinsa sýningarvélina af sóti.

Ég ætla í lokin af þessum brunamálum, að víkja hér til upphafsins. Nokkrar tilraunir til kvikmyndasýninga fóru hér fram áður en „Fjalarkötturinn“ tók til starfa 1906. Síðasta sýningin fór fram í „Bárunni“, samkomuhúsinu sem stóð við tjörnina, þar sem Ráðhús Reykjavíkur reis löngu seinna. Það stóð yfir kvikmyndasýning, þegar skyndilega kviknaði í filmunni. Sýningarmaðurinn greip „maskínuna“ með logandi filmunni og henti öllu klabbinu í tjörnina! Þar með lauk sögu flökkubíóanna í bili. Kannski hvílir vélin á kafi í drullunni á botni tjarnarinnar eða hún hefur horfið í gin stórvirkra vinnuvéla, þegar bygging Ráðhússins hófst. Þessa frásögn las ég í einhverri bók um sögu Reykjavíkur og Stefán í Austurbæjarbíó, staðfesti þetta atvik.

HITT OG ÞETTA

Það var mikið reykt í bíó fyrir sýningu og í hléinu – sérstaklega í hléinu. Kvikmyndastjörnurnar reyktu og allir vildu líkjast þeim! Á lognkyrrum kvöldum stóðu bíógestir jafnvel á stéttinni fyrir utan Stjörnubíó og þá liðaðist reykurinn upp með húshliðinni og gegnum opinn gluggann á sýningarklefanum sem var efst uppi í hanabjálka. Bíóið tók um 500 manns í sæti. Þegar uppselt var stormuðu kannski 300 gestir fram í anddyrið í hléinu og reyktu sigarettur af miklu kappi. Bjallan glumdi til að smala fólkinu inn í salinn og þá fylgdi reykurinn með. Ég get með sanni sagt að ljósgeislinn frá sýningarvélinni náði naumlega fram á tjaldið fyrstu fimm mínúturnar eftir hlé, þar til loftræstingin hafði loks undan.

VEITUSPENNAN Í „LIMBO“

Áður en Írafossvirkjun tók til starfa 1953, var veituspennan oft og tíðum óstöðug. Undir venjulegum kringumstæðum stóð spennan í 220 voltum á mæli rafmagnstöflunnar í klefanum í Stjörnubíó. En gamanið fór að kárna, þegar vetur lagðist í garð og rafmagnsnotkun almennt jókst. Verst var ástandið í desember og fram yfir áramótin, þegar bakað var á hverju heimili, ljós í hverju horni, hangikjötið í suðu og ljósaseríur logandi. Ég man sérlega vel eftir einum sýningardegi rétt fyrir jólin 1952. Á fimm sýningu á sunnudegi fór spennan að falla niður í 210 volt en á sjö sýningu fór hún niður í 190 volt! Þetta hafði áhrif á vélarnar. Þær hægðu á sér, ljósmagnið minnkaði en mótórnir héldu hraðanum stöðugum – og þá á ég við að tónninn varð ekki flöktandi eða falskur – enda stýrast þeir af riðafjölda sem breyttist lítið, þrátt fyrir hið mikla spennufall. Á níu sýningu var svo rafmagnið komið í eðlilegt horf. Svona frávik voru tíð en aldrei í líkingu við þetta sunnudagskvöld.

FYRSTA SJÓNVARPSKVÖLDIÐ

Ég var einn af mörgum sýningarmönnum, sem voru að sýna, þegar sjónvarpið hóf útsendingar að kvöldi 30. sept. 1966. Kvikmyndin í Stjörnubíó hét „Fail Safe“, hörkuspennandi mynd um kjarnorkustríð og algjöra eyðingu borga í Rússlandi og Ameríku. Á níu sýningu voru um níutíu bíógestir og þótti ágætt miðað við þennan stóra atburð. Það hafði rignt og ljósinn frá götuluktum gljáðu á svörtu asfaltinu. Enginn á ferðinni. Það var eins og andi myndarinnar svifi yfir Laugaveginum. Ekkert líf.

Ótti bíóeigenda við dvínandi aðsókn – jafnvel hrun, reyndist uppspenntur. Hafa verður í huga að einungis var sjónvarpað á miðvikudögum og föstudögum í næstum eitt ár en þá bættust við helgarútsendingar – og svo var lokað í júlí! Að auki var langt frá því að allir ættu sjónvarp, þó svo að salan hefði margfaldast síðustu vikurnar fyrir útsendinguna. Tækin voru líka rándýr. Það var og sagt að heimsóknir myndu leggjast af með tilkomu sjónvarpsins. Reyndin varð önnur, allavega í fyrstu. Þeir sem ekki áttu sjónvarp, stormuðu til vina og kunningja sem áttu sjónvarp – til að kíkja – á miðvikudögum og föstudögum!

SMÁ LEIKPÁTTUR – Rétt fyrir útsendingu kl. 20:00 anno 1966

Ring a ring!! (dyrabjallan) (Ding Dong kom löngu seinna)

Inni: „Úff, hver er nú að koma!?“ (á þessum tíma voru ekki til í íslensku máli orðtökin „Shit!“ og „Oohh! My god!“)

Úti: „Það er alltaf svo notalegt elskan, að heimsækja Bjöggu og Bjagga. Ég vona að þau séu búin að borða.“

Inni: „Þetta eru Gúmmi og Gína! Það er ekki flóafriður fyrir þessum „kunningjum“ sem senda ekki einu sinni jólakort!“

Frúin rolast fram og opnar útidyrnar. „Skreeek“ (það þarf að smyrja lamirnar!)

Í dyragættinni: „Komiði sæl elskurnar! Gaaaman að sjá ykkur! Gangið í bæinn OG veelkomin!! Hengið af ykkur og tyllum okkur svo niður. Sjónvarpið fer að byrja“.

Inni-bóndinn: „Sæl“. (mínus 18 gr.)

Úti-bóndinn: „Ja – við litum svona inn í gamni og sníkja smá kaffisopa í leiðinni. Er ekki „Dýrlingurinn“ annars í kvöld – ha?“

Endir

ENDALOKIN NÁLGAST – EÐA HVAD?

Ég nefndi áðan að bíóeigendur óttuðust ört dvínandi aðsókn með tilkomu sjónvarpsins. Minnkandi aðsókn var staðreynd – en hægfara þróun. Það voru sveiflur í þjóðfélaginu og versnandi afkoma almennings. Átta kvikmyndahús í Reykjavík, eitt í Kópavogi og tvö í Hafnarfirði. Eitthvað varð undan að láta! Sjónvarpið hóf smá saman að senda út dagskrá sex daga vikunnar nema á fimmtudögum og í júlí.

Á árinu 1970, mátti lesa litla frétt í Morgunblaðinu, að nokkur bíó í Reykjavík höfðu sagt upp starfsliði sínu, þar á meðal sýningarmönnum. Kennit var um minnkandi aðsókn, óhagstæðu gengi krónunnar o.fl. Í framhaldi lokuðu sum kvikmyndahús í mánuð vegna sumarleyfa t.d. Austurbæjarbíó, Gamla bíó og Tónabíó. Kópavogsbíó lagði niður sýningar kl. 7 síðan 5 sýningar og lokaði svo alveg skömmu eftir 1970. Halldór sýningarmaður (hann bjó við hliðina á mér í Fögrubrekku) fór þá til starfa í Bandaríkjunum sem auglýsingateiknari.

Síðan kom myndbanda – væðingin til Íslands um 1980 og hafði mikil áhrif á aðsóknina. Með þessari nýju tækni, gat fólk þjálft valið sér bíómyndir til að glápa á heima í notalegri stofunni. Nýjasta leikfangið! Íslenskur texti virtist litlu máli skipta! „Vídeo“ – leigur spruttu upp eins og gorkúlur og úrvalið jókst stöðugt. Svo kom Stöð 2.

En hvers vegna lögðu tvö elstu kvikmyndahúsin í Reykjavík fyrst upp laupana? Gamla bíó á árinu 1981 og Nýja bíó 1986 – bíóin tvö sem möluðu gull í hartnær fjóra áratugi? Ég hef mínar eigin skoðanir en þegar samkeppnin harðnaði og myndirnar hættu að koma á silfurfati – bara skrifa undir – þá brá einhverjum! Gamla bíó varð að Óperuhúsi, Nýja bíó að Bíóhúsinu í eitt ár en síðan

dansbúlla, sem varð eldi að bráð 1988. Brunarústir sýningarvélanna eru varðveittar hjá Kvikmyndasafni Íslands.

ÚR ÖLDUDALNUM

Svo kom betri tíð með blóm í haga. Fjölsalabíóin. Kvikmyndahúsin buðu fljótlega upp á splunkunýjar myndir. Hljóðtækni myndanna tók sömuleiðis stórstígum framförum og íslenskur texti á velflestum myndum eftir 1970 en ekki einungis á „beztu“ myndunum sem á árunum á undan. Húsbændur og hjú voru orðin leið á því að mygla heima í stofu. Drífa sig í bíó og hitta fólk! Í dag (2007), státum vér Íslendingar af því að vera mesta bíóþjóðin á Norðurlöndunum – og þótt víðar væri leitað!

BÍÓIÐ SEM ALDREI SLEIT BARNSSKÓNUM

Ekki verður hjá því komist að nefna eitt furðubíó sem leit dagsins ljós við Smiðjuveginn í Kópavogi árið 1980 og nefndist Borgarbíó – hvorki meira né minna! Salurinn rúmaði um 300 gesti og sýnt var á 35mm „ferðavél“ með Halogen – ljósaperu sem engan vegin gaf næga lýsingu á alvöru sýningartjald. Eigendurnir sýndu sjálfir án nokkurra réttinda og F.S.K. blandaði sér í málið. Með ólund samþykktu bíóstjórnir svo að ráða sýningarmann og hljóp Kristinn Eymundsson þar undir bagga og tók annan eigandann í nám, samkvæmt bréfi til F.S.K. og prófnefndar.

Sjálfur kom ég einnig við sögu eftir að fest voru kaup á uppgerðri sýningarvél á fæti með Xenon – lampa. Ég setti þessa vél upp og sýndi í einhvern tíma – einnig Vigfús í Laugarásbíó. Svo birtist auglýsing frá Borgarbíó þar sem auglýst var kvikmynd, sýnd með sýningarvél af „fullkomnustu“ gerð!! Ja – hérna. Þessi sýningarvél var algjör „antik“ og hafði ég aldrei litið augum annað eins hró! Og Xenon – lampinn!! Þetta var enginn Xenon – lampi heldur lítið perugrey – að vísu í líkingu við Xenon – lampa og kveikt á honum með spennugjafa og var ljósið smátíma að ná fullum styrk. Þessi athöfn minnti á, þegar kveikt var á ljóstýrum í baðstofum fyrr á tímum. En þetta ljós var „hvítt“ og varpaði fram mun bjartara ljósi en Helogen – peran frá ferðavélinni.

...ÉG FINN LYKT AF....

Tvær nýjungar litu dagsins ljós í þessu dæmalausá Borgarbíói sem ekki höfðu sést hér í bíóbransanum áður. Fyrsta „smell-o-vision“ í íslensku kvikmyndahúsi! Bíómiðanum fylgdi spjald með litlum bólum og þegar þessum bólum var strokið samkvæmt efni myndarinnar, barst t.d. angan af vindlum eða sígarettum, ilmvatnslykt eða skítalykt og svo mætti lengi telja. Mig minnir að valkostirnir væru tíu og auðvitað varð að gæta þess að rétt lykt rynni upp í nasirnar á réttum stöðum!!

...TVÖFALDAN „MARTINI“..TAKK...!

Hin nýjungin var þrívídd, þar sem hver myndrammi var tvískiptur og linsan einnig. Þannig fengust fram þrívíddaráhrif án þess að nota tvær „kópíur“. Af einhverri ástæðu reyndist útkoman ekki standa undir væntingum. Áfram með stuttsöguna. Aðsóknin datt fljótlega niður vegna skorts á

sæmilegum kvikmyndum og þá var salnum breytt í veitingastað með vínveitingaleyfi – og bíómynd sýnd sem ábót með matnum og rauðvíninu!! Þá kærði einhver þetta athæfi til Sýslumannsins í Kópavogi. Það er bannað samkvæmt lögum að veita áfengi í kvikmyndahúsum!! Starfsemin var stöðvuð og svo brann allt draslið einn góðan veðurdag! End of short – story!!

Mig langar að glugga lítið eitt í uppruna nokkurra sýningarmanna. Vigfús í Laugarásbíó hringdi í mig og spurði hvort ég hefði leitt hugann að því, hve margir sýningarmenn gætu rakið ættir sínar til Vestmannaeyja. Ég kvað svo vera. Við fórum yfir skalann og töldum saman u.þ.b. nöfn tíu manna, sem í gegnum árin hafa komið beint frá Vestmannaeyjum til að hefja sýningarstörf í Reykjavík, allar götur frá því er Bogi gerðist sýningarmaður í Tjarnarbíó, 1942. Þetta verður að teljast dágóður staðarhlutur í tiltölulega þröngum hópi. Að auki eru ótaldir þeir sem eiga óbeint ættir að rekja til Eyjanna gegnum feður, mæður eða maka.

Vestmannaeyingar eru þekktir gleðipinnar sem hafa ekki síður ánægju af því að skemmta öðrum. Þeir hafa löngum verið sjálfum sér nógir vegna einangrunar í aldanna rás og það er góður kostur fyrir sýningarmann – innilokaður – en ánægður í klefa. Þetta er eitthvað í „genunum“. Ef til vill er þar komin smáskýring á starfsvali þeirra, því það felst ekki sízt í því að skemmta öðrum, þó ekki sé í eigin persónu.

STUTT FRÁSÖGN UM LANGAN FERIL HANDSNÚNU SÝNINGARVÉLARINNAR ÚR „FJALAKETTINUM“

Þegar framsýnn maður að nafni Árni Þorsteinsson hóf bíórekstur að Kirkjuvegi í Hafnarfirði 1914, festi hann kaup á handsnúinni sýningarvél úr Fjalakettinum – ásamt nokkrum sætaröðum. Þá mun Fjalakötturinn hafa verið í einskona andlitslyftingu. Þögla sýningarvélin gengdi hlutverki sínu með sóma í Hafnarfirði, þar til talmyndir festu sig í sessi um 1930. Þá voru fest kaup á talsýningarvélum. Framhaldið er Hafnarfjarðarbíó við Strandgötuna 1943 og gamla sýningarvélin skipar heiðursseti í hillu. Sex áratugum síðar lýkur líftíma kvikmyndahússins og eignin seld. Sýningarvélin er flutt til Reykjavíkur í nýjar vistarverur með bíóstjóranum Niels Árnasyni. Nótt eina er þessi merkilegi safngripur hrifsaður burt úr geymslu af fingralöngum fjárhirði. Horfinn út í buskann. Sorgleg endalok handsnúnu sýningarvélarinnar úr „Fjalakettinum“.

„ÉG VEL AÐEINS ÞAÐ BEZTA....“

Við Stefán ræddum einhverju sinni um klæðaburð bíógesta á gömlu, góðu bíódögunum. Okkur bar saman um að fólkíð hefði þá mætt í sínum betri fötum á nú – sýningu – sérstaklega um helgar. Þá klæddust t.d. karlmenn jakkafötum og báru bindi. Margbreytilegir tízkubotnar hafa síðan runnið til sætis, svo sem sjá má á bíógustum nútímans.

Sigga í Hveragerði sagði mér skemmtilega sögu af fínheitum bíógesta á Eyrarbakka 1942 en sagan kemur að loknum nokkuð löngum formála. Sigga vinkona mín, hét fullu nafni Sigríður Björnsdóttir og var eini kvensýningarmaðurinn á Íslandi í nokkra áratugi, þar til Guðrún Júlíusdóttir tók sýningarmannsþróf 1979 (Guðrún starfaði við „Andrews Theater“ á Keflavíkurflugvelli).

Sigríður bjó með Eiríki frá Bóli en hann varð fyrir þeirri ógæfu að missa sjónina um tvítugt. Eiríkur var góður harmonikkuleikari og lék víða á dansleikjum í sveitum. Hann samdi m.a. hið velkunna lag „Ljósbrá“ og fyrir sýningarmenn samdi hann „Sýningarmannavalsinn“! En hvernig grípa þessir þræðir saman?

Árið 1941 ákveða Sigríður og Eiríkur að kaupa ferðasýningarvél frá Ameríku en Sigríður hafði alltaf haft áhuga á kvikmyndum. Eftir basl og bið komu vélarnar loks yfir hafið, þrátt fyrir óhemjuganginn í seinni heimsstyrjöldinni. „Við lifðum eins og sígaunar“, sagði Sigga mér. Þau óku um Suðurlands – undirlendið á amerískum „trukk“ – bíl, höfðu rafstöð meðferðis og sýndu bíómyndir. Myndirnar fengu þau frá Nýja bíó og Gamla bíó (síðar frá öðrum kvikmyndahúsum). En til að svo mætti verða, þurfti Sigríður réttindi til að sýna 35mm kvikmyndir gegn gjaldi. Sigríður „fór suður“ og lærði undirstöðuatriði kvikmyndasýninga hjá Óla í Nýja bíó og öðlaðist þar með „staðbundin“ réttindi. Sveinréttindi fékk hún síðar, þegar reglugerðin um nám sýningarmanna tók gildi.

Árið 1947 verður Hótel Hveragerði þeirra kjölfesta. Þar hefja þau hótélrekstur og bíósýningar en héldu samt áfram með „Ferðabíóið“ sitt. Seinna skírðu þau hótelið „Ljósbrá“ – eftir laginu hans Eiríks. Sigga var hótélstýra, bókhaldari, matráðskona, sýningarmaður og dyravörður, með meiru! Þrátt fyrir sjónleysi Eiríks, var hann hörkuduglegur í daglegu umstangi og svo virðist sem nýtt skilningarvit vakni, þegar eitt vantar. Dæmi get ég nefnt. Þegar Cinema – Scope kom til sögunnar, setti Gunnar Þorvarðarson upp stórt og mikið sýningartjald í bíóinu. Einu sinni sem oftast kom ég í heimsókn til að yfirfara sýningarvélarnar. Mælti þá Eiríkur: „Agnar, komdu með mér niður í sal. Ég ætla að sýna þér svolítið.“ Þegar í salinn kom, dró Eiríkur rauða fortjaldið frá og stóra, hvíta Cinema – Scope tjaldið blasti við. „Er þetta ekki glæsilegt!“, sagði Eiríkur. „Jú, svo sannarlega“ samsinnti ég heilshugar. Svo hrökk ég eilítið við. Maðurinn var blindur!

Nú kemur sagan um spariklædda fólkið á Eyrarbakka 1942. Sigríður og Eiríkur höfðu auglýst þar bíó í fyrsta sinni. Bíógestir streymdu að. Þvílík glæsifylking! Konurnar „með húfu og rauðan skúf, í peysu“ – karlarnir í sínum beztu jakkafötum með hatta á höfði og göngustafi í hendi. Handfangið silfrað. Þegar fólkið hittist, var tyllt undir hattbarðið með þumalfingri og kulli kinkað. Konurnar hneigðu sig. Sigríður sagði mér að hvergi annars staðar, hefði hún rekist á svo rötgróna siði og menningu sem á Eyrarbakka.

Með þessum orðum lýk ég mínu minningaflakki, þó svo ýmislegt sé óupptekið.

Ef einhver hefur haft gagn eða gaman af þessari lesningu – þá er tilganginum náð.

Skrifum lokið í júní, 2007.

Með kærri kveðju til ykkar allra

AGNAR EINARSSON

